

Lög

um breytingu á lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla,
nr. 37/1992, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Ólögmætur er sá sjávarafl:

- a. sem er umfram það aflamark eða krókaaflamark sem veiðiskip hefur eða umfram hámarksafla sem veiðiskipi er settur með öðrum hætti,
- b. sem fenginn er án þess að tilskilin veiðileyfi hafi verið fyrir hendi,
- c. sem fenginn er utan leyfilegra veiðidaga, nema um eðlilegan meðafla sé að ræða,
- d. sem fenginn er með óleyfilegum veiðarfærum,
- e. sem fenginn er á svæði þar sem viðkomandi veiðar eru bannaðar,
- f. sem 2. mgr. 7. gr. tekur til.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 16. mars 2016.